# Reikningar barnaskólahús og leikfimishús 1880-1885

Aðfnr. 86, örk 1

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Ár 1882 h. 27. janúar gerðist á milli trèsmiðs Helga Helgasonar og bæjarstjórnar Reykjavíkur svohljóðandi samningur:

1.

Jeg undirskrifaður trèsmiður Helgi Helgason skuldbind mig til þess að taka að mèr allt trèsmíði og alla málun við hið nýja barnaskólahús sem bæjarstjórn Reykjavíkur ætlar að láta byggja á þessu ári og að rífa hið gamla hús sem barnaskólinn nú á.

Í þessari skuldbindingu er fólgið að leggja til allt trèefni í húsið nema í þakið og sperrur, binding í skilrúmin, alla forskalning, í millilopt og undir í kjallaranum; þaraðauki að leggja til ofna, borð og bekki í 5 kennslustofur, þakrennur og niðurhlaupsrennur úr járni, gler í glugga, skrár og lamir, allan saum, þar á meðal skrúfusaum, hjarir og lamir á glugga, bita-akkeri og allt litarefni; allt þetta efni á að vera hið vandaðasta.

Að því leyti sem efni úr gömlu húsunum verður álitið hæfilegt í efsta lopts gólf, hefir undirskrifaður Helgi Helgason rètt að fá það efni keypt fyrir sanngjarnt verð eptir virðingu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

Öll tilhögun á smíðinni á að vera samkvæmt uppdrætti þeim eptir byggingameistara Bald sem bæjarstjórnin hefir samþykkt að byggja eptir þó með þeim breytingum, er síðar kynnu að verða gerðar eptir samkomulagi milli mín Helga Helgasonar og bæjarstjórnarinnar.

3.

Öll trésmíðin á að vera vandlega af hendi leyst og miða svo fljótt áfram að smiðir þá, sem byggja á veggina og skilrúmin í húsinu úr grásteini og beton aldrei þurfi að bíða eptir trésmíðinni meira en eptir hlutarins eðli er óumflýjanlega nauðsynlegt, en jafnan geti haldið áfram vinnu sinni án þess að þurfa að bíða eptir trésmíðinni eða öðru því sem eg undirskrifaður Helgi Helgason á að leggja til eptir áðursögðu.

4.

Í launaskyni til undirskrifaðs Helga Helgasonar og fyrir að leggja til ~~efni~~ það, sem að framan er nefnt, skuldbindur bæjarstjórn Reykjavíkur sig til þess að greiða honum 7500 krónur – sjö þúsund og fimm hundruð krónur – er útborgast þannig að honum sé greitt að tiltölu mánaðarlega eptir því sem verkinu skilar áfram og innkaupin verða gerð, þó þannig að ekki verði borgað meira en 6500 kr. unz verkið er gert og af hendi skilað með úttektargjörð.

5.

Öll smíðin og málun af hendi Helga Helgasonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á að vera lokið innan 31. oktober næstkomandi (að því þó áskildu að múrsmiðurinn, eins og samið hefir verið um við hann geti orðið búinn með það, sem hann á að vinna að byggingunni fyrir 15. sept. þ. á.

6.

Ef smiðurinn ekki skilar áfram svo sem á skilið er, eða ef vöntun nokkur verður á því efni sem undirskrifaður Helgi Helgason á að leggja til greiði hann í sekt 10 krónur fyrir hvern dag sem dregst fram yfir þann tíma sem á skilið er hér að framan að húsið skuli albúið af hans hendi. Svo má og taka verkið frá smiðnum og láta framkvæma það af öðrum smiðum á hans kostnað) ef drátturinn verður á smiðnum af hans hálfu.

7.

Til tryggingar fyrir að eg undirskrifaður Helgi Helgason í öllu efni framanskrifaðan samning set eg hérmeð fyrsta veðrétt í húsi mínu í Þingholtsstræti hér í bænum fyrir 700 krónum.

8.

Skyldi nokkur ágreiningur koma upp á milli Helga Helgasonar og bæjarstjórnarinnar áhrærandi smíðina eða efni það sem hann á að leggja til, þá skal skorið úr þeim ágreiningi af óvilhöllum mönnum, sem útnefndir séu fyrir rétti, en verði þeir ekki ásáttir þá eiga þeir að kjósa sér sjálfir oddamann.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9.

Samning þennan, sem gerður er í tvennu lagi, undirskrifar á eina hlið Helgi trésmiður Helgason og hins vegar fyrir hönd bæjarstjórnarinnar fjárhagsnefnd bæjarins.

Helgi Helgason

fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur:

E. Th. Jónassen

Borgur Steinberg

H. Kr. Friðriksson.

Viðstaddir vottar:

Jón Borgfirðingur.

J. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reikningur
yfir
kostnað við bygginguna barnaskólans.

———— // ————

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Tekjur | Fylgiskjal | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Lán meðtekið úr landssjóði | I | 18000 | 00 |
| 2 | —"— —"— " hafnarsjóði | II | 9910 | 34 |
| 3 | innkomið fyrir efnivið, múrstein &c. selt úr gamla barnaskóla-húsinu | III a-b | 1438 | 14 |
| | Krón. | | 29348 | 48 |

Bæjarfógetinn í Reykjavík hinn 31.

Athugasemd. 1. Vegna þess að barnaskólabyggingin og það er til hennar heyrði ekki var fullgert fyr en á árinu 1884, þá hefir eigi verið hægt að semja þennan reikning fyrri, með því að best þótti að reikningarnir kæmi í 1 heild, en ekki í pörtum.

Ellr Jónassen

Athugasemd 2.

Í þessum kostnaði, sem til færðr er í þessum reikningi, er einnig innifalinn allur kostnaðr við að girða lóð barnaskólans, byggja grindur að austanverðu við lóð P. C. Knudtzons & Sön að austanverðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Gjøld | Fylgiskjal | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | borgað til múrmeistara Lüders | IV. | 17,000 | 00 |
| 2. | — „ — , trésmiðs H. Helgasonar | V. | 7,646 | 38 |
| 3 | Efni, áhöld o. s. frv. til skólans (þar á meðal „Stilladsen", stakkitti, salerni) | VI. „ | 3400 | 46 |
| 4. | ýmislegur kostnaðr | VII. | 1301 | 64 |
| | | Krón. | 29,348 | 48 |

31. desember 1884.

E. Th. Jónassen

og kostnaðr við bygging salerna handa skólanum, með því það var óumflýjanl. nauðsynlegt.

E. Th. Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir bidni herra Bæjarfógeta E. Th. Jonassen hefi jeg undirskrifaður endrskodað reikning hins nýja Barnaskóla, og leyfi mjer að gjöra eptirfylgjandi athugasemdir.

Litr IV. 1, fylgiskjal c. reikning frá verzlun herra G. Zoëga að upphæð 12kr. vantar.

" " 2, fylgiskjal e, þessi reikningur frá O. Finsen að upphæð 156. krónur 10 aurar er fæðar Lyders til útgjalda, en er ekki ávísaður af honum til útborgunar; og vantar þessvegna viðurkenning hans fyrir upphæðinni.

" V. 1, vantar kvittun frá Helga Helgasyni fyrir 1 króna 59 aura útborgað honum 19. Marts 1883.

" " 2, fylgiskjal II reikningur frá Lyders að upphæð ......... krónur 23. 90 a
þessi reikningur er skakkt talin saman hin rjetta upphæð er " 22. 90

útborgað um of. Kr. 1. 00

" " 3, fylgiskjal N. N. reikningur frá trjesmiðr Magnussar Árnasyni að upphæð 36 kr. 8 a er ofborgaður með 20 aura því reikningurinn er skakkt talin saman um þessa upphæð.

" " 4. fylgiskjal r r. reikningur frá verzlun J. P. T. Bryde, að upphæð 22 Krónur 25 aurar, þetta fylgiskjal vantar,

verte

IV

ad 1. þetta fylgiskjal skal verða útvegað.
ad 2. þetta er frakt sem Lüders munnlega bað mig að borga O. Finsen fyrir hans hönd. Kvittun Lüders get eg útvegað, ef þurfa þykir.

V. 1. fylgir hjermeð kvittun Helga Helgasonar.

2. Athugasemdin er rétt.

3. sömuleiðis.

4. fylgiskjalið skal útvegað. Reikningr fylgdi ýfir það með aðalreikningnum en hefir á einhvern hátt glatast.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Athugasemdin er rétt.

Ltr. VII. 1) fylgiskjöl c & d. reikningar frá Jespersen ad upphæd 31 krónu og frá Bernhöft, ad upphæd 11 krónur
samtals 42 krónur

eru adeins tilfærdar í reikningi bæjarfógetans með 41 krónu

því verdur ad borga honum tilbaka 1 krónu

2. ) Þær hér um ræddu 146 kr. 38 a eru fyrir ýmislegt er Helgi eptir teikningu skólans ekki átti ad gera og fyrir stigann upp í eldhúsid o. s. frv. ; var honum því borgad þetta med því verdi er óvilhallir menn höfdu metid það smídafródir.

2) Smidnum Helga Helgasyni bar samkvæmt samningi við bæjarstjórnina ad fá 7.500 krónur fyrir vinnu sína og efni m. m. en honum hefur verid útborgad 7.646. 38 aur; altsvo 146 kr. 38 a um of, án þess ad sjed verdi af adalreikningnum, hver ástæda sje til þess?

Reykjavík h. 20/2. 1886
E. Th. Jónassen

Reykjavík. 8 Februar 1886.
N. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur